

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Kristins og Rannveigar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Kristins Kristmundssonar og Rannveigar Pálsdóttur, stytt heiti: *Styrktarsjóður Kristins og Rannveigar*. Heimili hans og varnarþing er á Laugarvatni í Bláskógabyggð, Árnassýslu.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Kristinn Kristmundsson, fyrrverandi skólameistari á Laugarvatni og eiginkona hans, Rannveig Pálsdóttir. Þau leggja honum til stofnfé að fjárhæð kr. 3.000.000, þrjár milljónir íslenskra króna, sem varðveita skal í viðurkenndri bankastofnun og ávaxta með sem hagkvæmustum hætti að mati sjóðsstjórnar. Stofnendur afhenda féð á stofndegi sjóðsins 1. september 2007. Öllu því fé sem sjóðnum kann að áskotnast, í gjöfum, áheitum eða á annan hátt en með beinni ávöxtun, skal aukið við stofnfé hans. Menntaskólinn að Laugarvatni ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og sendir Ríkisendurskoðun árlega reikning sjóðsins ásamt skýrslu um ráðstöfun fjár hans á árinu.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur Menntaskólans að Laugarvatni til frekara náms með fjárhagsaðstoð og um leið hvetjandi viðurkenningu fyrir dugnað og lofsverða ástundun.

4. gr.

Styrki úr sjóðnum skal veita a.m.k. þremur nemendum árlega og tilkynna veitingu þeirra við skólaslit í lok skólaárs. Miðað skal við að samanlögð fjárhæð styrkveitingar verði sem næst árlegri ávöxtun sjóðsins að stofnfé hans óskertu.

5. gr.

Styrki úr sjóðnum skulu hljóta nemendur Menntaskólans að Laugarvatni sem sýnt hafa frábæran dugnað, hæfileika og ástundun í námi. Að jafnaði skal veita styrkina nemendum sem brautskráðir eru sama ár. Víkja má frá þeirri reglu og styrkja einnig nemendur sem enn eru við nám í skólanum ef sérstakar ástæður eru til að mati skólans. Sjóðsstjórn ákveður styrkveitingu hverju sinni að fenginni tillögu skólameistara.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: Skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni hverju sinni verði formaður sjóðsstjórnar og kveðji hana saman til funda. Meðstjórnendur verði: 1) Formaður Nemendasambands Menntaskólans að Laugarvatni hverju sinni; og 2) Elsti afkomandi hjónanna Rannveigar Pálsdóttur og Kristins Kristmundssonar hverju sinni eða sá sem hann nefnir til. Meðstjórnendur tilnefni sinn endurskoðanda hvor.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að allir stjórnarmenn samþykki slíka breytingu tvö ár í röð og hún hafi hlotið staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki. Enga breytingu má gera á skránni sem brýtur í bága við markmið sjóðsins, skv. 3. gr.

8. gr.

Verði Menntaskólinn að Laugarvatni lagður niður eða aðrar ástæður koma að mati sjóðsstjórnar í veg fyrir að markmiði sjóðsins verði náð, skal fé hans renna óskipt til varðveislu og viðhalds minja um skólastarf á Laugarvatni samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar og að fengnu samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki. Fellur þá skipulagsskrá þessi sjálfkrafa úr gildi.

9. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 30. ágúst 2007.

Ríkarður Másson.

B-deild – Útgáfud.: 19. september 2007